Höfn Hornafirði 30.10.2019

Bæjarráð Hornafjarðar

Hafnarbraut 27

780 Höfn Hornafirði

**Efni:** Ósk um endurnýjun samnings Ríkis Vatnajökuls við sveitarfélagið Hornafjörð.

Í framhaldi af fundi Ríkis Vatnajökuls með Atvinnu- og menningarmálanefnd 22. október sl. vill Ríki Vatnajökuls lýsa yfir áhyggjum af stöðunni í ferðaþjónustu og leggur áherslu á mikilvægi þess að félaginu verði gert kleift að halda áfram starfsemi í þágu ferðaþjónustu á svæðinu. Þar spilar samningurinn milli SVH og RV stórt hlutverk og óskað er eftir því við bæjarráð að hann verði framlengdur á meðan styrkari stoðum er komið undir bókunarþjónustu Ríkis Vatnajökuls. Bókunarþjónustan er farin að skila tekjum til félagsins, en þó ekki nægum til að vega upp á móti tekjum af áðurnefndum samningi.

Fyrir hönd stjórnar Ríkis Vatnajökuls

Olga M Ingólfsdóttir

Framkvæmdastjóri Ríkis Vatnajökuls

Ríki Vatnajökuls
Litlubrú 2, Nýheimum
780 Höfn í Hornafirði
Ísland